

Kennsluleiðbeiningar 1.–4. bekkur

„Að líða vel saman“

Námsefnishlutinn „Að líða vel saman“ skiptist í tvö undirþemu: „Hvernig getur okkur liðið vel saman?“ og „Rannsóknarlögreglur eftir rifrildi“. Auk þess verða teiknimyndirnar „Bekkjarfélagar“ aðgengilegar á vefsíðunni. Námsefnið er unnið með það í huga að kennari leiði fræðsluna – annaðhvort í öllum bekknum eða minni nemendahópum.

Ábending!
Farðu í gegnum allt innihald námsefnisins áður en fræðslan hefst, helst með samstarfsfólki þínu. Kortleggðu nemendahópinn þinn og hugleiddu hvort einhver af þemunum gætu átt sérstaklega við um þinn hóp eða verið erfitt að ræða.

Gefðu þér nægan tíma með nemendunum – og fylgdu fræðslunni eftir. Gættu þess vel að vera til staðar ef nemendur þurfa að spyrja spurninga eða ræða eitthvað eftir að fræðslunni er lokið. Það getur verið gott að ráðfæra sig við námsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðing áður en fræðslan hefst.

Verkefnablöðin geta virkað sem yfirlitsverkefni að loknum hverju þema– gott er að prenta þau út áður en kennsla hefst. Auk þess eru á verkefnablöðunum ábendingar um verkefni sem hægt er að framkvæma fyrir eða eftir kennslustund.

Skólastofnunum ber skylda til að fylgjast með og grípa inn í ef börn verða fyrir brotum eins og einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Frekari upplýsingar um hvernig má stuðla að öruggu skólaumhverfi er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar:

Stopp ofbeldi!

1. lota: „Hvernig getur okkur liðið vel saman?“

- **Horfðu á teiknimynd**: „Þetta er Lísa“: Stutt teiknimynd (6 mínútur) þar sem nemendur kynnast Lísu, sem fær ekki alltaf að leika við hina. Teiknimyndin fjallar líka um hvernig okkur getur liðið vel saman í skólanum – og hvernig fór þegar Lísa bað um hjálp.

- **Lesum og tölum saman:** „Sagan um Lísu“: Hvernig leið Lísu þegar hún fékk ekki að leika við hina krakkana? Hvað hefðu hin börnin getað gert til að hjálpa Lísu? Og hvað gerðist þegar Lísa sagði einhverjum fullorðnum frá þessu? Umræðuverkefni sem tekur saman og vinnur úr efni myndarinnar.

- **Lesum og tölum saman**: „Skólinn okkar“ Öll börn eiga rétt á að vera örugg og líða vel í bekknum sínum og í skólanum. Hvað getum við gert ef við sjáum að einhver er aleinn? Og hvað getum við gert til að öllum líði vel? Umræðuverkefni sem hvetur til sameiginlegrar ígrundunar um það hvernig við getum í sameiningu gert skólaumhverfið gott og öruggt. Verkefnið leggur sérstaka áherslu á ábyrgð fullorðinna.

- **„Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“**: Í þessu verkefni er hægt að smella á ýmsar spurningar sem börn kunna að hafa um efnið. Á bak við hverja spurningu er stutt teiknimynd þar sem barn spyr spurningar og fullorðin manneskja svarar.

- **Verkefnablað**: Verkefni fyrir nemendur. Prentaðu út og láttu hvern nemanda fá eitt blað. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar til að vinna úr þemanu. Hlustaðu á samtöl barnanna á meðan þau eru að vinna verkefnin.

- **Verkefnahugmyndir**: Ábending um kennarastýrð verkefni í kennslustofu, þar sem unnið er með öruggt skóla- og bekkjarumhverfi. Þetta er hægt að gera bæði fyrir og eftir fræðslulotu.

2. lota: „Rannsóknarlögreglur eftir rifrildi“

- **Horfum á teiknimynd**: **„Rannsóknarlögreglur eftir rifrildi“**:
  Stutt kvikmynd (4 mínútur) þar sem við fáum að kynnast tveimur börnum sem lenda í rifrildi. Við lærum að öll rifrildi skiptast í þrjá hluta og fáum að sjá hvernig börnin tvö sættast aftur. Við fáum líka góð ráð um hvað eigi að gera ef börnin ráða ekki við að leysa málið sjálf eftir rifrildi.

- **Lesum og tölum saman**: „Að vera rannsóknarlögreglur“: Hvernig getum við verið „rannsóknarlögreglur“ eftir rifrildi? Og hvað getum við gert ef við getum ekki leyst málin sjálf eftir rifrildi? Lestrar- og umræðuverkefni sem tekur saman og vinnur úr efni myndarinnar.

- **Verkefnablað**: Verkefni fyrir nemendur. Prentaðu út og láttu hvern nemanda fá eitt blað. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar til að vinna úr þemanu. Hlustaðu á samtöl barnanna á meðan þau eru að vinna verkefnin.

- **Verkefnahugmyndir**: Ábending um kennarastýrð verkefni í kennslustofu, þar sem unnið er með viðfangsefnið í verki. Hentar vel til að vinna eftir kennslu.



Kennsluleiðbeiningar 1.–4. bekkur

„Líkami minn tilheyrir mér“

„Líkami minn tilheyrir mér“ er kennarastýrt námsefni um kynferðisofbeldi. Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á líkamanum, mörkum og misnotkun og öðlist þannig betri skilning á og virðingu fyrir eigin mörkum og annarra. Auk þess fræðast börnin um mikilvægi þess að segja fullorðnum frá því ef þau verða sjálf fyrir kynferðisofbeldi og hvernig þau geta fengið aðstoð.

Ábending!
Farðu í gegnum allt innihald námsefnisins áður en vinna með efnið hefst, helst með samstarfsfólki þínu. Kortleggðu nemendahópinn þinn og hugleiddu hvort einhver af þemunum gætu átt sérstaklega við um þinn hóp eða verið erfitt að ræða.

Gefðu þér nægan tíma með nemendunum og fylgdu fræðslunni eftir. Gættu þess vel að vera til staðar ef nemendur þurfa að spyrja spurninga eða ræða eitthvað að lokinni fræðslu. Það getur verið gott að ráðfæra sig við námsráðgjafa eða skóla-hjúkrunarfræðing fyrir kennslustundina og segja nemendum hvenær og hvar þau geta leitað til námsráðgjafa/skólahjúkrunarfræðings ef þau vilja ræða eitthvað.

Ábending!
Það er gott að upplýsa forráðamenn um að það verði unnið með þetta viðfangsefni í bekknum. Við mælum með að sent sé bréf til foreldra og forsjáraðila þar sem upplýst er að fræðsla um kynferðisofbeldi verið á skólaárinu. Sniðmát af bréfi má finna hér.

Hefurðu áhyggjur af barni?
Ef þú hefur áhyggjur af barni skaltu lesa betur um hvað barnavernd gerir á vef Stjórnarráðsins. Einnig ef þú vilt tilkynna um barn til barnaverndar þá eru leiðbeiningar hér.

Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:

Kennsluáætlunin skiptist í fjórar lotur sem hver um sig byggist á einum hluta úr teiklnimyndaröðinni „Líkami minn tilheyrir mér“:

1. lota: „Líkami minn tilheyrir mér“

- **Þemu**: Öll börn eiga rétt á að ráða yfir eigin líkama, en ekki líkama annarra. Börn mega snerta kynfærin á hvert öðru ef bæði langar til þess og ef þau eru um það bil jafn gömul og jafn stór. Ef við viljum ekki leika megum við segja „stopp“. Og ef aðrir segja „stopp“ við okkur verðum við að hlusta. Fullorðið fólk má aldrei snerta kynfæri barna eða láta þau snerta kynfærin á sér. Við lærum hvað fullorðnir mega gera – og hvað þeir mega ekki gera – við líkama barna.

2. lota: „Íslensk lög“

- **Þemu**: Fullorðið fólk má aldrei snerta kynfærin á börnum eða láta þau snerta kynfærin á sér. Það stendur í íslensku lögunum. En frændi hennar Fjólu gerir það bara samt. Vegna þess að það er bannað með lögum vill hann að það sé leyndarmál. Fjólu finnst það mjög erfitt.

3. lota: „Að vera hrædd“

- **Þemu**: Við hittum Fjólu aftur og fáum að heyra hvernig gekk þegar Fjóla ákvað að segja „stopp“ við frænda sinn. Við fáum líka að heyra hvernig fór þegar Fjóla sagði mömmu sinni frá því sem frændi hennar gerði.

4. lota: „Það er aldrei þér að kenna“

- **Þemu**: Orri á vinkonu sem er 19 ára gömul. Hún vill fá að snerta kynfæri Orra og láta hann snerta sín kynfæri, þótt það sé bannað. Orri er hræddur um að hann hafi gert eitthvað rangt. En kynferðisofbeldi er aldrei barninu að kenna. Við fáum að heyra hvernig fór þegar Orri sagði pabba frá því sem gerðist.

  Mælt er með því að fara í gegnum allar fjórar loturnar þar sem þær gefa mismunandi sjónarhorn á viðfangsefnið og veita í sameiningu góða innsýn í efnið, sem og hvernig hægt er að leita sér hjálpar. Hægt er að ljúka lotunum á einni viku eða nokkrum vikum. Mikilvægt er að börnin fái tíma til að ígrunda efnið milli lotanna, en einnig að farið sé í loturnar í réttri röð og að ekki líði of langt á milli þeirra.

  Mælt er með því að kennari stýri fræðslunni, annaðhvort með öllum bekknum í kennslustund eða í minni nemendahópum. Nemendurnir ættu ekki að vinna einir með þetta námsefni.

Í hverri lotu er farið yfir eftirfarandi námsefni:

1. Horfum á teiknimynd
Hver lota hefst á því að horft er á einn hluta úr teiknimyndaröðinni „Líkami minn tilheyrir mér“ (03:00–05:00 mínútur).

2. Lesum og tölum saman
Hverjum myndaþætti er fylgt eftir með einu eða tveimur „Lesum og tölum saman“-verkefni. Í verkefnunum er að finna staðreyndir og spurningar sem gefa nemendum tækifæri á að ræða það sem gerðist í teiknimyndinni – og námsefnið er endurtekið og útskýrt á ýmsan hátt.

3. Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum
Í þessu verkefni er hægt að smella á ýmsar spurningar sem börn kunna að hafa um efnið. Á bak við hverja spurningu er stutt teiknimynd þar sem barn spyr spurningar og fullorðin manneskja svarar. Spurningarnar eiga ekki endilega að leiða til niðurstöðu, heldur hvetja barnið og fullorðnu manneskjuna til að ræða málið saman.

4. Verkefnablað
PDF-skjal til útprentunar. Gott er að prenta verkefnablaðið út fyrirfram – og láta hvern nemanda fá blað. Hægt er að vinna saman í tímum eða vinna verkefnið sem einstaklingsverkefni. Verkefnablöðin henta vel til að ljúka kennslustundinni. Hlustaðu á samtöl barnanna á meðan þau eru að vinna verkefnin.

Auk þeirra fjögurra lota sem byggjast á teiknimyndaröðinni eru tvö sett með stuttum frásögnum og aukaverkefni til ígrundunar, undir fyrirsögnunum „Leyndarmál“ og „Klípusögur“. Aukaverkefnin geta verið viðbót við kennsluna eftir að nemendur hafa farið í gegnum 1. til 4. lotu.

Leyndarmál

1. „Horfum á teiknimyndina: Að eiga leyndarmál“
Tími: 01:53 mín.
Þemu sem fjallað er um í teiknimyndinni:

- Það getur verið gaman að eiga sér leyndarmál. Eitthvað sem bara þú og vinur þinn vitið. Það eru góð leyndarmál.
- Ef einhver fullorðinn vill snerta kynfæri barna eða láta þau snerta sín kynfæri og segir að það sé leyndarmál eigum við ekki að þegja yfir því. Það eru vond leyndarmál.
- Ef við eigum vond leyndarmál er mikilvægt að við segjum einhverjum fullorðnum sem við treystum frá því.
- Dæmi um fullorðna manneskju sem þú treystir.

- Mælt er með að börnin horfi á teiknimyndina með fullorðnum og fái tækifæri til að ígrunda efnið og spyrja spurninga á eftir.

2. „Tölum saman: Hvað sáum við?“
Þetta verkefni er hugsað sem viðbót eftir að búið er að horfa á teiknimyndina. Hér eru ýmsar ígrundunarspurningar sem má nota til að ræða þemun í teiknimyndinni. Gefðu þér gjarnan góðan tíma með nemendunum til að ígrunda efnið og leyfðu nemendunum að tjá sig.

Spurningarnar í verkefninu eru:
- Hvað er leyndarmál?
- Geturðu sagt okkur frá góðu leyndarmáli sem þú hefur átt?
- Hvernig eru vond leyndarmál?
- Hvað geturðu gert ef þú átt þér vont leyndarmál?
- Hvað gerirðu ef þú segir einhverjum fullorðnum frá vondu leyndarmáli, en færð enga hjálp?

3. „Lesum: Hermann á sér leyndarmál“
Skálduð frásögn um það hvernig tilfinning það getur verið að eiga vont leyndarmál. Við kynnumst Hermanni sem á sér vont leyndarmál. Hermann og Tommi stjúppabbi hans eru þeir einu sem vita það. Hermanni finnst þetta vont leyndarmál og hann vill segja einhverjum frá því. En Tommi sagði honum að ef Hermann kjaftaði frá myndi hann verða mjög reiður. Að lokum segir Hermann mömmu sinni samt leyndarmálið þeirra.

Mælt er með því að nemendur lesi söguna með fullorðnum og að nemendur fái tækifæri til ígrundunar og fái að spyrja spurninga í kjölfarið.

4. „Verkefnablað: Myndin þín handa Hermanni“
PDF-skjal til útprentunar. Prentaðu verkefnablaðið út og dreifðu blaði til hvers nemanda í bekknum. Það er bæði hægt að láta börnin vinna verkefnablaðið saman í tímanum eða láta þau vinna hvert fyrir sig. Hægt er að nota verkefnablaðið sem samantektarverkefni eftir að þið hafið unnið önnur verkefni í lotunni. Það er gott að fylgjast með samtölum barnanna sín á milli á meðan þau eru að teikna.

Klípusögur
Í Klípusögum horfum við á þrjár stuttar teiknimyndir og á eftir tökum við nokkrar samtalsspurningar. Hver teiknimynd lýsir aðstæðum sem fjalla um hvað fullorðið fólk má og má ekki gera við líkama barna samkvæmt lögum.

Klípusögur 1 og 2 eru dæmi um það sem er bannað að gera en aðstæður 3 eru dæmi um aðstæður þar sem það er í lagi að fullorðin manneskja snerti kynfærin á barni.

Mælt er með því að ræða þessar klípusögur í lok vinnunnar um kynferðisofbeldi til að tryggja að nemendur hafi þekkingu á efninu. Einnig er mælt með því að nemendur horfi á teiknimyndirnar með fullorðnum.

Klípusaga 1

Tími: 01:31

Við kynnumst Jóni, fimm ára, og Lísu, átta ára, sem eru systkini. Pabbinn þreifar á typpinu á Jóni og segir Jóni að hann eigi líka að snerta typpið á pabba. Og svo segir pabbi að Jón megi ekki segja neinum frá þessu. Jón segir Lísu þetta, og hún segir honum þá að pabbi sé líka oft að snerta píkuna á henni.

Umræðuspurningar:

- Um hvað fjallaði teiknimyndin?
- Er það sem pabbi Lísu og Jóns gerir leyfilegt?
- Hvaða ráð gætum við gefið Jóni og Lísu?

Klípusaga 2

Tími: 01:01

Við kynnumst Maríu, sem er fimm ára. María býr stundum hjá mömmu og stundum hjá pabba. Þegar María er hjá mömmu les mamma venjulega fyrir hana þar til hún sofnar. En stundum kemur mamma aftur inn í herbergið. Þá setur mamma fingurna inn undir nærbuxurnar og þreifar á píkunni á henni. Mamma segir að María megi ekki segja neinum frá þessu. Að þetta sé leyndarmálið þeirra.

Umræðuspurningar:

- Er það sem mamma Maríu gerir leyfilegt?
- Hvaða ráð gætum við gefið Maríu?

Klípusaga 3

Tími: 00:25

Við kynnumst Siggu, sem er fjögurra ára. Þegar Sigga er búin á klósettinu kallar hún á pabba. Þá notar pabbi klósettpappír til að skeina Siggu og stundum þvær hann henni líka um rassinn og píkuna með klúti. Siggu finnst þetta ekkert skemmtilegt en það hjálpar að pabbi syngur fyrir hana á meðan hann gerir það.

Umræðuspurningar:

- Um hvað fjallaði teiknimyndin?
- Má pabbi skeina Siggu og þvo henni um rassinn og píkuna?



Kennsluleiðbeiningar 1.–4. bekkur

„Réttur til að vera örugg“

„Réttur til að vera örugg“ er námsefni sem byggt er á teiknimyndinni „Fullorðnir mega aldrei meiða“ Teiknimyndirnar og umræðuverkefnin taka fyrir mismunandi þemu tengd líkamlegu, andlegu, óbeinu og beinu ofbeldi: Að berja, hrinda, hóta og hræða, og að verða vitni að ofbeldi.

Námsefnið fjallar einnig um það hvað fullorðna fólkið er mismunandi; að sumir verði fljótt reiðir og sumir mjög sjaldan. Lögð er áhersla á að fullorðnir megi reiðast börnum, en að börn eigi alltaf rétt á að finnast þau örugg, jafnvel þótt einhver fullorðinn reiðist við þau. Í teiknimyndirnar fræðast börnin líka um íslensk lög og hvað þau eru.

Börnin fá að kynnast Linju, sem er stundum hrædd við að fara heim, því hún er hrædd um að pabbi hennar reiðist og geri eitthvað slæmt. Ef pabbi er reiður getur hann gert vonda hluti gagnvart mömmu Linju og líka á hann það til að vera vondur við Linju. Við fáum líka að heyra hvernig gengur þegar Linja segir kennaranum sínum frá því hvernig henni líður heima hjá sér. Teiknimyndirnar fjallar einnig um að það er skýrt í lögum og í Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna að börn eigi að upplifa sig örugg og ofbeldi líðst aldrei.

Markmiðið er að börnin öðlist aukna þekkingu á því sem er bannað og því sem má gera þegar fullorðnir og börn eiga í hlut, sem og að gera þeim ljóst að það sé aldrei barninu að kenna ef fullorðnir gera þeim eitthvað.

Auk þess fræðast börnin um mikilvægi þess að segja fullorðnum frá því ef þau verða sjálf fyrir ofbeldi og um það hvar þau geta fengið hjálp.

Fullorðnir starfsfólk þarf að leiða fræðsluna. Ekki er mælt með því að láta börn vinna ein með þetta námsefni

Ábending!
Farðu í gegnum allt innihald námsefnisins áður en fræðslan hefst, helst með samstarfsfólki. Kortleggðu nemendahópinn þinn og hugleiddu hvort einhver af þemunum gætu átt sérstaklega við um þinn hóp eða verið erfitt að ræða.

Gefðu þér nægan tíma með nemendunum – og fylgdu fræðslunni eftir.

Ábending!
Það er gott að upplýsa forráðamenn um að það verði unnið með þetta viðfangsefni í skólanum. Við mælum með að sent sé bréf til foreldra og forsjáraðila þar sem upplýst er að fræðsla um kynferðisofbeldi verið á skólaárinu. Sniðmát af bréfi má finna hér.

Hefur þú áhyggjur af barni?
Ef þú hefur áhyggjur af barni skaltu lesa betur um hvað barnavernd gerir á vef Stjórnarráðsins.

Einnig ef þú vilt tilkynna um barn til barnaverndar þá eru leiðbeiningar hér.

Skólanum ber skylda til að fylgjast með og grípa inn í ef nemendur verða fyrir brotum s.s. einelti, ofbeldi, mismunum eða áreiti.

Hér má finna verkferil eða skráningarblað fyrir starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum (til dæmis innan skóla og frístundasviðs) til að skrá atvik sem snúa að ofbeldi, kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi eða áreitni og beina þeim í viðeigandi farveg.

Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:
Horfum á teiknimynd: „Fullorðnir mega aldrei meiða“
Um er að ræða stutta teiknimynd (9 mínútur) þar sem nemendur kynnast Linju.
Linja er glöð með pabba sinn en stundum er Linja hrædd við að fara heim.
Ef pabbi er reiður getur hann gert vona hluti við mömmu Linju. Stundum hristir hann Linju og ýtir henni líka og stundum lemur hann fast í veggi. Linja er mjög hrædd. Hún veit aldrei hvað gerir pabba reiðan, finnst eins og það gæti verið hvað sem er. Loksins ákveður Linja að tala við kennarann sinn.
Teiknimyndin er 08:37 mínútur á lengd.

Lesum og tölum saman: „Sagan um Linju“
Farið er yfir efni teikimyndarinnar og rætt um það sem á sér stað.
- Af hverju er Linja hrædd að fara heim?
- Hvernig líður þeim sem upplifir svona heima hjá sér?
- Hvað gerðist þegar Linja talaði við kennarann sinn?

Lesum og tölum saman: Má þetta?
Ræðum saman um það sem við lærðum í teiknimyndinni um það að það er ekki leyfilegt fyrir neina fullorðna að: slá, sparka, ýta, draga eða klípa börn. Verkefnið fjallar um íslensk lög sem segja að það má ekki beita börn ofbeldi. Það er samt sem áður í lagi fyrir fullorðna að verða reiðir út í börn en börn eiga alltaf að upplifa sig örugg.

Spyrðu einhvern fullorðinn: Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum
Í þessu verkefni er hægt að smella á ýmsar spurningar sem börn kunna að hafa um efnið. Hverri spurningu fylgir stutt teiknimynd þar sem barn spyr spurninga og fullorðin manneskja svarar. Spurningarnar eiga ekki endilega að leiða til niðurstöðu, heldur hvetja barnið og fullorðnu manneskjuna til að ræða málið saman.

„Verkefnablað“
PDF-skjal til útprentunar. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar. Það getur verið gott að hlusta eftir samræðum nemendanna á meðan þau eru að vinna verkefnablaðið. Vekefnið fjallar um hvaða fullorðna fólki börnin treysta og geta talað um líðan sína við. Einnig læra þau símanúmer Neyðarlínunnar 112.

Klípusaga 1
Emil er fimm ára. Stundum fer Emil í pössun hjá frænku sinni. Oftast leika þau saman og þá er gaman hjá þeim. En stundum er frænka allt öðruvísi. Þá segir hún ljóta hluti við Emil. Emil verður leiður og skilur ekki hvers vegna frænku hans líkar ekki við hann.

- *Um hvað fjallaði teiknimyndin?*
- *Hvað finnst ykkur um það sem frænka segir við Emil?*
- *Hvernig haldið þið að Emil líði?*
- *Hvaða ráð gætum við gefið Emil?*

Klípusaga 2
Mamma og Ella eru í sundi og á leiðinni upp úr. Ellu langaði eiginlega bara alls ekki heim. Í sturtunni eftir sundið er hún leið. Hún grætur og segir alls konar ljótt. Mamma heldur henni fastri. En Ella vill ekki standa kyrr. Þá klípur mamma fast í magann á Ellu. Það er sárt. Ella stendur alveg grafkyrr. Hún vill ekki að aðrir í sturtuklefanum sjái að mamma er að klípa.

- *Um hvað fjallaði teiknimyndin?*
- *Má mamma klípa Ellu þegar Ella segir eitthvað ljótt?*
- *Hvernig haldið þið að Ellu líði?*
- *Hvaða ráð gætum við gefið Ellu?*

Klípusaga 3

Mæja á heima hjá bæði mömmu og pabba. Henni þykir mjög vænt um þau bæði. En stundum verður pabbi mjög reiður. Þegar hann verður reiður lemur hann og ýtir stundum við mömmu. Mamma hefur sagt Mæju að hún þurfi ekkert að vera hrædd. Hún hefur sagt að pabbi muni aldrei meiða Mæju. Hún segir líka að Mæja megi ekki segja neinum.

- *Um hvað fjallaði teiknikmyndin?*
- *Má pabbi Mæju gera það sem hann gerir?*
- *Hvernig haldið þið að Mæju líði?*
- *Við hvað haldið þið að Mæja sé hrædd?*
- *Hvaða ráð gætum við gefið Mæju?*

Klípusaga 4

Leó er í leikskólanum. Hann á að borða brauð í morgunmat. En Leó er smá óglatt. Hann hefur ekki lyst á brauðinu. Sif, sem vinnur í leikskólanum, verður reið. Að lokum grípur hún um kinnarnar á Leó og kreistir þær saman svo munnurinn hans opnast. Hún treður matnum inn og heldur svo fyrir munninn á Leó – lengi.

- *Um hvað fjallaði teiknimyndin?*
- *Má fullorðið fólk neyða börn til að klára matinn sinn?*
- *Hvernig haldið þið að Leó líði?*
- *Hvaða ráð gætum við gefið Leó?*

Klípusaga 5

Jónatan á besta pabba í heimi. En suma daga er pabbi ekki glaður. Þá vakir hann lengi fram eftir, og næsta dag, þegar Jónatan ætlar að vekja hann, hrópar hann bara á Jónatan. Þá er hann reiður. Jónatan þarf að bíða í eldhúsinu þar til pabbi vaknar, svo pabbi geti keyrt hann í skólann. Jónatan veit alveg að hann kemur of seint í skólann. Á meðan hann er að bíða fær hann magapínu. Stundum þegar hann er í skólanum langar hann að segja kennaranum allt. En hann gerir það ekki.

- *Um hvað fjallaði teiknimyndin?*
- *Hvernig haldið þið að Jónatan líði?*
- *Af hverju haldið þið að Jónatan fái magapínu?*
- *Af hverju haldið þið að Jónatan hætti við að segja kennaranum sínum hvernig honum líður?*
- *Hvaða ráð gætum við gefið Jónatan?*



Kennsluleiðbeiningar 1.–4. bekkur

„Hvað er barnavernd?“

Norsk rannsókn frá árinu 2019 sýndi að helmingur barna og ungmenna sem hafa búið við heimilisofbeldi segir engum frá því. Ein af algengustu ástæðunum fyrir því var hræðslan við að barnavernd myndi koma að málinu.[1]

Upplýsingagjöf um barnavernd, sem hæfir aldri og þroska, getur unnið gegn hræðslu við að tala um ofbeldi og dregið úr skömminni yfir því að biðja um og fá hjálp. Efnið í flokknum „Hvað er barnavernd?“ getur auðveldað kennurum að miðla þessum upplýsingum til barna. Slík fræðsla getur einnig verið veigamikil fyrir þá nemendur sem þegar hafa reynslu af aðkomu barnaverndar og til að auðvelda samnemendum þeirra að hjálpa vinum sínum og styðja þá í erfiðum aðstæðum.

Mælt er með því að kennari stýri fræðslunni, annaðhvort með öllum bekknum í kennslustund eða í minni nemendahópum. Nemendurnir ættu ekki að vinna einir með þetta námsefni.

Ábending!
Farðu í gegnum allt innihald námsefnisins áður en fræðslan hefst, helst með samstarfsfólki þínu. Kortleggðu nemendahópinn og hugleiddu hvort einhver af þemunum gætu átt sérstaklega við um þinn hóp eða verið erfitt að ræða.

Gefðu þér nægan tíma með nemendunum og fylgdu fræðslunni eftir. Gættu þess vel að vera til staðar ef nemendur þurfa að spyrja spurninga eða ræða eitthvað eftir að fræðslunni er lokið. Það getur verið gott að ráðfæra sig við námsráðgjafa, skólafélagsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðing fyrir kennslustundina og segja nemendum hvenær og hvar þau geta leitað til námsráðgjafa, skólafélagsráðgjafa / skólahjúkrunarfræðings ef þau vilja ræða eitthvað.

1 Rannsóknina má skoða hér:

Hefurðu áhyggjur af barni?
Ef þú hefur áhyggjur af barni skaltu lesa betur um hvað barnavernd gerir á vef Stjórnarráðsins.
Einnig ef þú vilt tilkynna um barn til barnaverndar þá eru leiðbeiningar hér.

Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:

1. „Hvað er barnavernd?“
Texti með upplestri sem fjallar um það að leita sér hjálpar. Öll þurfum við hjálp af og til. Stundum þarf öll fjölskyldan hjálp. Í textanum eru tilgreindar ýmsar ástæður sem geta verið fyrir því að fjölskylda þarf hjálp og sagt frá því hvernig barnavernd getur aðstoðað fjölskyldur sem þurfa á hjálp að halda.

Í textanum kemur líka fram að stundum geti verið best fyrir börnin að búa annars staðar á meðan fullorðna fólkið í fjölskyldunni fær hjálp. Hlutinn „Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“ styður þennan texta og fer dýpra í hann.

2. „Tölum saman“
Spurningar sem hvetja til ígrundunar eftir að þið hafið lesið textann eða talað saman um viðfangsefnin í textanum:

Hvað þýðir það að hjálpa einhverjum? Hvað getur verið gott við að fá hjálp? Hvað getur verið gott við að hjálpa öðrum? Hvernig getur barnavernd hjálpað fjölskyldum? Við hvern getið þið talað ef ykkur eða einhverjum sem þið þekkið líður illa? Hvers vegna getur stundum verið erfitt að biðja um hjálp? Hvers vegna haldið þið að það sé mikilvægt að fólkið hjá barnavernd tali við börnin í fjölskyldunni?

3. „Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“
Í þessu verkefni er hægt að smella á ýmsar spurningar sem börn kunna að hafa um efnið. Á bak við hverja spurningu er stutt teiknimynd þar sem barn spyr spurningar og fullorðin manneskja svarar. Handritin að öllum kvikmyndunum er að finna neðst í þessu skjali.

4. „Verkefnablað“
PDF-skjal til útprentunar. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar. Það getur verið gott að hlusta eftir samræðum nemendanna á meðan þau eru að vinna verkefnablaðið.

Handrit að efninu „Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“

Hér að neðan er handritið að námsefninu „Aðrar spurningar sem koma upp hjá börnum“ fyrir efnið „Hvað er barnavernd?“ Svörin við spurningunum hér að neðan eru ekki endanleg niðurstaða, heldur sýna hvernig fullorðna manneskjan í kvikmyndinni svarar spurningum barnsins.

Hvað er barnavernd?

Barnavernd hjálpar fjölskyldum sem þurfa á hjálp að halda. Hjá barnavernd vinna margir fullorðnir við að aðstoða börn að líða vel í fjölskyldu sinni.

Hvernig getur barnavernd hjálpað börnum?

Barnavernd getur hjálpað börnum á margan hátt. Sumir foreldrar rífast mikið. Þá getur fullorðna fólkið hjá barnavernd boðið þeim hjálp við að hætta að rífast til að börnin hætti að vera hrædd.

Barnavernd getur líka hjálpað til með því að leyfa börnunum í fjölskyldunni að gera ýmislegt skemmtilegt ef foreldrarnir eru veikir eða þreyttir. Það getur verið að fara í bíó, í sund eða leika við aðra krakka. Barnavernd getur líka hjálpað börnum að vera í tómstundastarfi með öðrum krökkum.

Sumir fullorðnir halda að það sé í lagi að meiða börn og sumir halda líka að þeir megi fara í kynlífsleiki með þeim. Það er bannað. Barnavernd getur hjálpað til við að láta fullorðna fólkið hætta að gera þetta

Er satt að barnavernd láti börn flytjast burt frá foreldrum sínum?

Stundum ákveður barnavernd að börn megi ekki lengur búa hjá foreldrum sínum. Slíkt gerist ekki oft og er bara ákveðið þegar börn eru ekki lengur örugg heima hjá sér. Oft hefur fullorðna fólkið gert margar tilraunir, með barnavernd, til að gera heimilið öruggt. En ef það tekst ekki þarf fullorðna fólkið stundum að æfa sig sjálft á meðan börnin fá að sofa, leika sér, borða og gera heimavinnuna einhvers staðar annars staðar. Þá eru börnin hjá öðrum fullorðnum sem passa þau og hjálpa þeim. Þetta getur bæði verið í stuttan tíma (nokkrar vikur eða mánuði) eða nokkuð lengi (nokkur ár).

Börnin mega samt heimsækja foreldra sína og foreldrarnir mega koma að heimsækja þau.

Hvar búa börn sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum?

Börn sem þurfa að búa í stuttan eða lengri tíma á öðru heimili en hjá foreldrum sínum búa jafnan á fósturheimili. Fósturheimili er yfirleitt bara venjulegt heimili, í íbúð eða húsi. Stundum er fósturheimilið hjá fólki sem börnin þekkja, til dæmis frænda eða frænku, afa og ömmu eða foreldrum vina sinna í leikskólanum eða skólanum. Stundum er fósturheimilið hins vegar hjá fullorðnu fólki sem starfsmenn barnaverndar þekkja en börnin hafa ekki hitt áður. Fullorðna fólkið á fósturheimilinu veitir börnum hlýju og öryggi og hjálpar börnum og fjölskyldum sem eiga erfitt.

Ef barnavernd þarf að aðstoða fjölskyldu, fá börnin þá að vera með í að ákveða hvað gerist?

Já, þegar fjölskylda fær aðstoð frá barnavernd á fullorðna fólkið hjá barnavernd alltaf að tala við börnin. Þau eiga að spyrja börnin hvernig þeim líði og hvað þau þurfi til að þeim líði vel. Börn eiga alltaf rétt á að segja sína skoðun við fullorðna fólkið hjá barnavernd. Og fólkið hjá barnavernd á alltaf að reyna að gera það sem er best fyrir börnin.

En stundum veit fullorðna fólkið ýmislegt sem börnin vita ekkert um. Þá þarf stundum að ákveða eitthvað sem barnið vill ekki. En oftast ákveður fólkið hjá barnavernd og barnið saman hvað sé best að gera. Barnaverndarfólkið á að hlusta á barnið.



Kennsluleiðbeiningar 1.–4. bekkur

„Að segja frá“

Námsefnið „Að segja frá“ styður annað námsefni í „Ég veit“, sem fjallar um ofbeldi, kynferðisofbeldi og um hvernig við getum skapað öruggt og gott umhverfi í bekknum og skólanum.

„Að segja frá“ útskýrir nánar hvers vegna það getur stundum verið erfitt að segja öðrum hvernig okkur líður – og hvers vegna það getur samt verið skynsamlegt að gera það.

Mælt er með því að kennari stýri fræðslunni, annaðhvort með öllum bekknum í kennslustund eða í minni nemendahópum.

Ábending!
Farðu í gegnum allt innihald námsefnisins áður en fræðslan hefst, helst með samstarfsfólki. Kortleggðu nemendahópinn þinn og hugleiddu hvort eitthvað í námsefninu gæti átt sérstaklega við um þinn hóp eða verið erfitt að ræða.

Gefðu þér nægan tíma með nemendunum og fylgdu fræðslunni eftir. Gættu þess vel að vera til staðar ef nemendur þurfa að spyrja spurninga eða ræða eitthvað eftir að fræðslunni er lokið.

Það getur verið gott að ráðfæra sig við námsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðing fyrir kennslustundina og segja nemendum hvenær og hvar þau geta leitað til námsráðgjafa/skólahjúkrunarfræðings ef þau vilja ræða eitthvað.

Eitt af lykilþemunum í „Ég veit“ er það að segja frá og tala um eitthvað sem er erfitt að ræða. Það gæti því verið gagnlegt að nota námsefnið „Að segja frá“ sem inngang með bekknum, áður en annað námsefni á vefsvæðinu er notað.

Hefur þú áhyggjur af barni?
Ef þú hefur áhyggjur af barni skaltu lesa betur um hvað barnavernd gerir á vef Stjórnarráðsins.

Einnig ef þú vilt tilkynna um barn til barnaverndar þá eru leiðbeiningar hér.

Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:

1. „Að segja frá einhverju sem er erfitt að tala um“
Texti sem fjallar sérstaklega um að segja frá reynslu sem er erfitt að ræða. Að tala saman getur verið alveg frábær upplifun, en það getur líka verið mjög erfitt. Í þessum texta er fjallað um það hvers vegna það er stundum erfitt að tala saman, hvers vegna það er oft erfitt að segja frá ljótum og vondum leyndarmálum og hvers vegna það getur samt verið gott að gera það. Í textanum eru einnig ábendingar um orðalag sem hægt er að nota ef það er erfitt að finna réttu orðin til að lýsa því hvernig okkur líður.

2. „Tölum saman“
Spurningar sem hvetja til ígrundunar í nemendahópnum eftir að þið hafið lesið textann eða talað saman um viðfangsefnin í textanum:

- *Hvers vegna getur stundum verið erfitt að segja öðrum hvernig okkur líður?*
- *Hvað er vont leyndarmál?*
- *Hvers vegna er gott að segja einhverjum fullorðnum frá því þegar við eigum erfitt?*
- *Hvað þýðir það að treysta einhverjum?*
- *Við hvern getið þið talað ef ykkur eða einhverjum sem þið þekkið líður illa?*

3. „Verkefnablað“
PDF-skjal til útprentunar. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar. Það getur verið gott að hlusta eftir samræðum nemendanna á meðan þau eru að vinna verkefnablaðið.